

innan viku frá því þeir fengu svör stjórnarinnar og fá síðan formanni félagsins 139 aftur reikninginn. Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókom, 3. okt. skjölum og sjóði félagsins til eftirits.

24. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að leggja í endurnýjunar- og varasjóð tekjuafgang félagsins að öllu eða nokkru leyti, og má félagsstjórn eigi nota það sjóðfé nema með samþykki félagsfundar.

25. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum allt að 500 kr. og renna þær í félagssjóð.

Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti almennra lögreglu-mála. Sama og um brot á samþykkt þessari gildir og um brot á reglum þeim, sem settar eru um einkarétt félagsins til vatnssölu.

26. gr.

Félagsmönnum er skylt að fara vel með vatnsæðar og önnur mannvirki fé-lagsins og skulu skemmdir á þeim varða sektum allt að 500 kr. auk skaðabóta eftir almennum reglum.

27. gr.

Um tillögur til slita á félaginu fer eftir sömu reglum sem um breytingar á samþykkt þessari. Félaginu skal slíta samkvæmt ákvæðum 112. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923. Fundur sá, sem ákveður að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins og greiðslu skulda. Jafnframt skal fara eftir 113. gr. téðra laga eftir því sem við á.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. október 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá nr. 173 1. september 1943, fyrir heimæðar
Hitaveitu Reykjavíkur.

140

10. nóv.

3. gr. gjaldskrárinnar verði svo hljóðandi:

Gjalddagi heimæðagjaldsins er hinn 1. næsta mánaðar eftir að húsið fær sam-band við hitaveitukerfi bæjarins og reikningur fyrir gjaldinu er sendur húseiganda (húsráðanda). Með samningi við húseiganda má þó veita gjaldfrest á heimæða-gjaldinu, þannig að það verði greitt að fullu með allt að 5 árlegum afborgunum, $\frac{1}{5}$ hluta hverju sinni. Greiða skal þá 6% ársvexti af þeim hluta gjaldsins, sem eftir stendur á hverjum tíma og enn fremur skal húseigandi undirrita skuldaviðurkenn-ingu til bæjarsjóðs (hitaveitunnar).

Gjaldskrárbreyting þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Reykja-víkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, um hitaveitu

140 Reykjavíkur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem 10. okt. hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

141
16. okt.

GJALDSKRÁ

löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:

Þyngd	1 g til 5 g	kr.	0.40
—	10 g til 20 g	—	0.60
—	50 g	—	0.75
—	100 g til 200 g	—	0.80
—	½ kg	—	0.90
—	1 kg til 2 kg	—	1.20
—	5 kg	—	1.50
—	10 kg	—	2.20
—	20 kg	—	2.60

2. Metaskálar jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna	—	8.50
—	5 kg — —	—	10.50
—	10 kg — —	—	12.00
—	20 kg — —	—	14.50
—	30 kg — —	—	15.60
—	yfir 30 kg	—	17.00

3. Borðvogir jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna	—	10.50
—	5 kg — —	—	12.00
—	10 kg — —	—	14.50
—	20 kg — —	—	17.00
—	30 kg — —	—	19.50
—	yfir 30 kg	—	25.50

4. Tugavogir og hundraðsvogir (desímal og sentesímal):

Vogarþol	100 kg eða minna	—	14.50
—	200 kg — —	—	17.00
—	300 kg — —	—	19.00
—	500 kg — —	—	21.50
—	600 kg — —	—	23.00
—	1000 kg — —	—	26.50
—	2000 kg — —	—	36.00
—	yfir 2000 kg	—	54.00